

21. október 2014 kl: 19:30



Boðaður fundur Foreldrafélags Giljaskóla með bekkjarfulltrúum skólans.

Mættir: Berglind Bergvinsdóttir, Elín Eyjólfsdóttir, Ellert Guðmundsson, Guðbjörg Björnsdóttir og Sigríður Ásta Hauksdóttir. Mjög góð mæting var meðal bekkjarfulltrúa.

Sigríður Ásta Hauksdóttir setti fundinn og stýrði honum einnig. Mæting var góð og stemningin eftir því.

1. Sigríður Ásta fór yfir praktíska þætti sem snerta bekkjarfulltrúarstarfið í Giljaskóla s.s.

- hversu margar bekkjasamverur séu æskilegar yfir skólaárið
- hugmyndir að bekkjarsamverum
- notkun á Mentor
- meðferð fjármagns sem áætluð er á hvern nemanda
- kynning á foreldravefnum á heimasíðu skólans

2. Áhersla er lögð á að foreldrar mæti með börnum sínum á þessa bekkjarsamverur.

3. Bekkjarfulltrúar eru hvattir til að taka myndir á bekkjarsamverum og senda á Ellu ritara sem setur þær inn á foreldrasvæði á heimsíðu skólans.

4. Þeir foreldrar sem áður höfðu starfað sem bekkjarfulltrúar sögðu frá reynslu sinni og skipst var á hugmyndum innan foreldrahópsins.

5. Sigríður Ásta mun fylgja fundinum eftir með fundargerð sem send verður á alla bekkjarfulltrúa skólans svo allir verði vel upplýstir um hlutverk sitt.

Fulltrúar foreldrafélags Giljaskóla eru afar ánægðir með þetta fyrirkomulag sem nú er komið í gang hvað varðar fyrirkomulag og eftirfylgni með bekkjarfulltrúum skólans.

Fundi slitið kl. 20:00.

Næsti stjórnarfundur verður mánudaginn 3. nóvember klukkan 19:30

Fundarritari: Berglind Bergvinsdóttir